

Félagsmálaráðuneytið  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

Reykjavík, 24. júní 2020.

**Efni: Umsögn við drög að frumvarpi til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. 151. Löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal x - x. mál.**

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn vegna draga að frumvarpi til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Félagið fagnar áformum um að auka aðgengi að viðeigandi samþætti þjónustu fyrir börn, án hindrana, þar sem tryggja á réttindi barna í samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Félagsráðgjafafélag Íslands kom með ábendingar við frumvarpsdrögin á fyrri stigum með bréfi dags. 13. janúar sl. Frumvarpsdrögin hafa tekið breytingum til hins betra á tímabilinu en félagið vill benda á nokkra þætti sem þarfnast skoðunar. Í 4. og 5. gr. er fjallað um *farsældarráð barna* annars vegar á landsvísu, þar sem eiga sæti fulltrúar ráðuneyta auk fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga, og hins vegar svæðisbundin þar sem fulltrúar þjónustuveitenda sitja skv. ákvörðun sveitarstjórna. Þá á að tryggja þátttöku barna í starfsemi ráðsins á landsvísu en sveitarfélag getur óskað eftir tilnefndingum frá aðilum s.s. notendaráðum. Í ljósi þess að foreldrar eru helstu hagsmunagæsluaðilar barna sinna er nauðsynlegt að tryggja aðkomu þeirra að *farsældarráðum barna* bæði á landsvísu og svæðisbundnum.

Það er fagnaðarefni að hverju barni verði tryggður aðgangur að tengiliði í þágu farsældar barns eftir því sem þörf krefur innan fyrsta stigs þjónustu, þ.e. heilsugæslu og síðar grunnskóla. Til að það nái fram að ganga er mikilvægt að tryggja viðeigandi mönnun innan þessara stofnana. Félagsráðgjafar eru sérfræðingar þegar kemur að félagslegri heilsu, þeir hafa heildarsýn að leiðarljósi og leita leiða til að tengja saman þjónustukerfi í þágu skjólstaðinga sinna. Þeir munu því gegna lykilhlutverki þegar kemur að því að tryggja samþætta þjónustu og meta ásamt foreldrum og/eða barni, hvenær þörf er á að tilnefna málastjóra. Félagsráðgjafafélag Íslands hefur ítrekað bent á að það skorti félagsráðgjafa innan heilsugæslu og grunnskóla og úr því þarf að bæta svo að markmiðum frumvarpsdragana verði náð.

Fram kemur í 20. gr. frumvarpsdragana að tengiliður skuli óska eftir því, í samráði við foreldra og/eða barn, að málastjóri verði tilnefndur. Að mati Félagsráðgjafafélags Íslands er það of þröngt sjónarhorn og nauðsynlegt að foreldrar, barn og jafnvel aðrir geti lagt fram slíka beiðni. Þá kemur fram í 2. mgr. greinarinnar að málastjóri skuli hafa *þekkingu* á þjónustu í þágu farsældar barns þar færi betur að ætla honum að hafa *heildræna þekkingu* vegna þeirra verkefna sem honum eru falin skv. 21. gr. s.s. að veita *ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barns samkvæmt óskum foreldra og/eða barns*. Þegar kemur að málastjórn gegna félagsráðgjafar því lykilhlutverki, þeir búa yfir víðtækri þekkingu og beita fjölbreyttum gagnreyndum aðferðum í vinnu sinni. Þeir hafa þekkingu á einstaklingsþroska, fjölskyldusamskiptum, löggjöf, þjónustustofnunum og félagslegum úrræðum og mynda þannig mikilvæga brú á milli einstaklings, fjölskyldu og

samfélags. Með heildarsýn að leiðarljósi leita félagsráðgjafar leiða til þess að tengja saman þjónustukerfi og ná þannig fram aukinni skilvirkni í þjónustu með samstarfi og samþættingu þjónustu sem veitt er af ólíkum þjónustukerfum og stofnunum samfélagsins, skjólstæðingum sínum til hagsbóta.

Félagsráðgjafafélag Íslands áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum og er félagið tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,  
f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann,  
formaður